## Krabbameinsfélag Norðausturlands



Minningarkort félagsins fást hjá eftirfarandi aðilum:
María Hermundsdóttir, Kópaskeri. S. 465-2170/866-7018
Verslunin Urð, Raufarhöfn. Sími 465-1111
Sigríður Kristín Andrésdóttir, Þórshöfn. Sími 468-1126

Í Ráðgjafaþjónustu Krabbameinsfélags Íslands er boðið upp á fræðslu, upplýsingar, ráðgjöf og stuðning við fólk sem hefur greinst með krabbamein og aðstandendur þess. Nánari upplýsingar á www.krabb.is og í síma 800-4040.

## Skeglan í tölvupósti

Hægt er að fá Skegluna senda í tölvupósti um leið og hún er tilbúin, sem er oftast á mánudagskvöldum.
Sendið línu á skeglan@simnet.is ef þið viljið vera á póstlistanum.


## Skeglan

**Skeglan** kemur út alla miðvikudaga nema annað sé auglýst.
Auglýsingar berist á netfangið **skeglan@simnet.is** eða í síma 892-8202 fyrir kl. 22:00 á mánudagskvöldum.
Skeglan kemur næst út miðvikudaginn 7. desember 2016.
Gjaldskrá: Hálfsíða 2.700,-, heilsíða 3.900,-.
Skeglunni er dreift á hvert heimili allt frá Bakkafirði vestur í Kelduhverfi.


# Skeglan


*Áb.: Halldóra Gunnarsdóttir* *Fréttabréf á Langanesi og nágrenni*
*47. tbl. 7. árg. Miðvikudagur 30. nóvember 2016*




## Kaffi Ljósfang



Í Kaffi Ljósfangi á Raufarhöfn verður bókakynning og upplestur sunnudaginn 4. des. kl 20:00 Ásdís Thoroddsen mun lesa upp úr nýútkominni bók sinni, Utan þjónustusvæðis ásamt eftirtöldum bókum:

- Forystufé eftir Ásgeir Jónsson frá Gottorp.
- Bjargræði eftir Hermann Stefánsson (um Látra-Björgu).
- Tvöfalt gler eftir Halldóru Thoroddsen.

Bækurnar verða til sölu á staðnum með afslætti og að auki nokkrir aðrir titlar.

Kaffi-kakó-smákökur.

Verið velkomin

# Félagsráðgjafi til viðtals

**Signý Valdimarsdóttir félagsráðgjafi Félagsþjónustu Norðurþings, verður til viðtals þriðjudaginn og miðvikudaginn 13. og 14. desember á Þórshöfn.**

Hægt er að bóka viðtal vegna **barnaverndar, fjárhagsaðstoðar og félagslegrar ráðgjafar.**

***Félagsleg ráðgjöf*** *tekur til þess að veita upplýsingar og leiðbeiningar um félagsleg réttindamál annars vegar og stuðning vegna félagslegs og persónulegs vanda hins vegar. Í félagslegri ráðgjöf getur falist ráðgjöf t.d. vegna fjárhagsvanda, húsnæðisleysis, atvinnuleysis, veikinda, fötlunar, öldrunar, fjölskylduvanda, uppeldisvanda, skilnaðarmála, ættleiðingarmála og áfengis- og fíkniefnavanda.*

Tímapantanir í síma 464-6100 eða á netfangið signy@nortdurthing.is

# Aðventuhátíð á Nausti

Aðventuhátíðverður á Nausti á Þórshöfn 4. desember klukkan 14:30.

Kór Þórshafnarkirkju sér um að syngja nokkur jólalög og að lokum verður boðið upp á piparkökur og kakó.

Bjóðum við alla velkomna til að eiga með okkur góða stund.

# Baðstofukvöld

Baðstofukvöld föstudaginn 2. desember á Snartarstöðum kl. 17:00 og í Sauðaneshúsi kl. 20:00.

Létt og fræðandi þjóðlagadagskrá, með þingeyskri aðventuslagsíðu.
Fanney syngur valin þjóðlög og fræðir gesti um sögu íslenskra þjóðlaga.
Einnig verða lesnir valin brot úr Aðventu Gunnars Gunnarssonar.

Aðgangseyrir 1500 kr.
Kaffi og smákökur
Allir velkomnir

*Viðburðirnir eru styrktir af uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra*

# Fræðasetur um forystufé

Það verður opið hjá okkur laugardaginn 3. desember kl. 14:00 – 17:00.

Við bjóðum upp á kaffi/kakó og smákökur.

Jólagjafir sem hvergi er hægt að fá annars staðar eru til hjá okkur.

Kynnt verður bókin Forystufé eftir Ásgeir frá Gottorp.

